

Ávarp formanns á ársfundi Starfsendurhæfingarsjóðs

Ágætu ársfundafulltrúar.

Starfsendurhæfingarsjóður er nú að ljúka sínu fyrsta heila starfsári. Samið var um sjóðinn í kjarasamningum á árinu 2008, fyrst af hálfu ASÍ og SA en síðar af hálfu BSRB, BHM, KÍ og annarra samtaka. Sjóðurinn var síðan stofnaður formlega í maí 2008 og hóf starfsemi í ágúst það ár. Haustið 2008 var síðan rætt við fulltrúa opinberu samtakanna og náðist breið samstaða um að breyta samþykktum hans til að tryggja aðkomu þeirra að sjóðnum og stjórn hans. Að sjóðnum standa því öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda á Íslandi – bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði – og undirstrikar það meira en allt annað mikla áherslu þessara aðila á að gefa þeim sem veikjast alvarlega eða lenda í slysum tækifæri til að komast aftur til starfa.

Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum. Áhersla er lögð á að byggja upp ráðgjöf í samstarfi við stéttarfélög um allt land og sjóðnum tryggt fjármagn til að fjármagna bæði gerð endurhæfingaráætlunar með aðkomu sérfræðinga og einnig nauðsynleg starfsendurhæfingarúrræði fyrir einstaklinga. Það er mín trú að með tilkomu sjóðsins verði ýmsum sérfræðingum og veitendum ólíkra endurhæfingarúrræða betur gert kleyft að hasla sér völl á þessu sviði. Þó stefna okkar sé að gera verkefnasamninga við þessa aðila, þurfum við varalaust á upphafs og uppvaxtarárunum að finna leiðir til þess að ýta hlutum úr vör með einhverjum hætti. Vinna að þessu er þegar hafin hjá sjóðnum.

Það er enginn launung á því að ástæðan fyrir því að aðilar vinnumarkaðarins höfðu frumkvæði að þessu verkefni var annars vegar aukin örorka hér á landi undanfarin ár án þess að við því hafi verið brugðist á kerfisbundinn hátt af hálfu stjórnvalda. Sýnilegt var að þessi þróun hefur valdið auknum kostnaði bæði hjá stjórnvöldum, lífeyrissjóðum og í atvinnulífinu og alvarlegast var að hún skerti lífsgæði þeirra einstaklinga sem misst getuna til þátttöku á vinnumarkaði umtalsvert. Þrátt fyrir að að flestir hafi verið sammála um mikilvægi og hagkvæmni þess að efla verulega starfsendurhæfingu hér á landi, en þrátt fyrir miklar umræður og umfjöllun um málið þá hefur lítið orðið úr fyrirheitum og efndum.

Nú er það þannig hér á landi að aðilar vinnumarkaðarins hafa iðulega haft frumkvæði að því að tryggja einstaklingum á vinnumarkaði mikilvæg réttindi með gerð kjarasamninga auk þess að byggja upp og reka fjölbreytta velferðarþjónustu, s.s. á sviði sí- og endurmenntunar, fullorðinsfræðslu, sjúkratrygginga og lífeyrisséttinda, auk mikilvægrar réttargæslu gagnvart ákvæðum kjarasamninga. Markmiðið er bæði að tryggja félagsmönnum mikilvæg réttindi og nauðsynlega þjónustu og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs þar sem mikilvægt er að sérhver einstaklingur fái notið hæfileika sinna og getu.

Séð í þessu ljósi er stofnun Starfsendurhæfingarsjóðs rökrétt framhald af þessari þróun og samvinnu og mikilvægt skref í þá átt að tryggja snemmbært inngrip til að auðvelda fólki endurkomu til vinnu og tryggja öllum starfsmönnum á vinnumarkaði þjónustu í formi starfsendurhæfingar ef um er að ræða skerta vinnugetu vegna veikinda eða slysa. Það er hins vegar dálítið furðulegt að við skulum nú sitja undir ámæli bæði ýmissa stjórnmalamanna og fræðimanna að við séum að byggja upp tvöfalt velferðarkerfi, kerfi sem sé ríkulegt fyrir þá sem séu vinnumarkaði en fátæklegt fyrir þá sem séu á ábyrgð stjórnvalda. Sumir fræðimenn hafa jafnvel gengið svo lagt að saka okkur um einkavæðingu velferðarkerfisins á engilsaxneska vísu. Ekkert þessara ásakanna eiga hins vegar við rök að styðjast – þvert á móti. Íslensk verkalyðshreyfing hefur lagt mikla áherslu á að tryggja það að velferð hér á landi sé fyrir alla. Þetta höfum við gert í nánú samstarfi við atvinnurekendur og stjórnvöld – og þó það hafi ekki alltaf verið með góðu hefur það engu að síður verið niðurstaðan – þar sem við höfum blandað saman ákvæðum kjarasamninga og lagasetningu til að tryggja að allir á vinnumarkaði séu tryggðir og síðan hefur almennatryggingakerfið séð um þá sem ekki hafa verið virkir á vinnumarkaði.

Ég fullyrði að með því að vinnumarkaðurinn axli með þessum hætti ábyrgð á fjármögnun starfsendurhæfingar fyrir þátttakendur á vinnumarkaði er stjórnvöldum gert mun auðveldar um vik að sinna þeim einstaklingum, sem ekki eiga réttindi á vinnumarkaði. Fordæmi fyrir þessu samspili er ennsýnilegra varðandi útfærslu elli- og örorkulífeyris, en stjórnvöld hafa getað hækkað lágmarkslífeyri umfram önnur lönd vegna þess að þorri manna- og kvenna fá sinn lífeyri frá lífeyrissjóðunum.

Þessi verkaskipting milli vinnumarkaðarins og stjórnvalda hefur þróast hér á landi s.l. sextíu ár og skilað mikilvægum árangri. Það hefur hingað til verið sameiginlegt mat bæði aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda að þetta hafi tryggt að íslenski vinnumarkaðurinn hefur bæði reynst sveigjanlegri en flestra annarra ríkja Evrópu, en á sama tíma best til þess fallinn að verja réttindi launafólks gegn alls kyns undirboðum. Það vekur því furðu langt út

fyrir landsteinna þessa lands, að uppi sé ágreiningur um þessa skipan mála við þá flokka á Alþingi, sem einkenna sig við hag og stöðu launafólks og verkalýðshreyfingarinnar.

Snemmbært inngrip í starfsendurhæfingu er sú leið sem mælt er eindregið með og lögð áhersla á um allan hinn vestræna heim. Ef við getum veitt félögum okkar aðstoð strax, og helst áður en þeir missa vinnusamband sitt vegna veikinda og slysa, þá er það bæði mun árangursríkara og hagkvæmara heldur en að koma seinna að málum þegar vandamálin hafa náð að hlaðast upp og erfiðara og dýrara er að finna lausnir við hæfi. Það má líka benda á það að þegar einstaklingar lenda í erfiðleikum og missa starfsgetu sína þá er vinnusambandið oft það mikilvægasta sem menn hafa og því ákaflega mikilvægt að allir aðilar fái aðstoð við að varðveita það.

Það er okkar sýn að þetta verkefni þurfi og eigi að vera samstarfsverkefni aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda. Því hefur bæði stjórn og framkvæmdastjóri Starfsendurhæfingarsjóðs lagt mikla áherslu á að eiga gott samstarf við stjórnvöld og þær opinberu stofnanir sem að þessu máli koma, s.s. Vinnuálastofnun, Tryggingastofnun ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins, m.a. um mótun verklagsreglna um starfshæfnis- og vinnugetumat. Það er okkar viðhorf að farsæl niðurstaða slíks samstarfs sé forsenda þess að hér takist að mynda eitt öflugt og samhæft kerfi starfsendurhæfingar þar sem allir landsmenn eiga skilgreindan rétt. Í þessum anda bauðst stjórn sjóðsins fyrr í vetur til þess að taka að sér það verkefni fyrir Vinnuálastofnun, á okkar kostnað, að veita langtímaatvinnulausum ráðgjafaviðtal til þess að skima út þá sem talið er að geti verið á leið í örorku. Það er von mín að hægt verði að ljúka viðræðum um þetta verkefni sem allra fyrst, en ég verð einnig að viðurkenna vonbrigði mín með hversu neikvætt viðhorf við mætum frá stjórnslunni og opinberum stofnunum í þeirri viðleitni okkar að koma nánú samstarfi og samstillingu verkferla. Í raun eru þessi viðbrögð algerlega óskiljanleg nema ef vera kynni að þessir aðilar telji að nú geti þeir tekið við verkefninu, eftir að við höfum tryggt fjármögnun þess.

Það er í þessu samhengi mikilvægt að opinberir aðilar geri sér grein fyrir því að snemmbært inngrip í starfsendurhæfingu er ekki mögulegt hér á landi nema í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Ástæðan fyrir þessu er tvíþætt. Annars vegar má rekja þetta til þess að langstærstur hluti allra bótagreiðslna vegna veikinda og slysa hér á landi er greiddur af atvinnurekendum í formi veikindalauna, sjúkrasjóðum stéttarfélagi og lífeyrissjóðum. Hið opinbera kemur ekki að málum með bótagreiðslur fyrr en eftir að viðkomandi einstaklingur sækir um endurhæfingar- eða örorkulífeyri. Vandinn er að þá hefur hann oft verið frá vinnumarkaði í allt að tvö ár og líkurnar á því að endurhæfa viðkomandi litlar. Þess má geta, að þessu er öfugt farið á hinum Norðurlöndunum þar sem hið opinbera kemur að greiðslu dagpeninga í veikindum eftir nokkra daga eða vikur. Hins vegar er ljóst að verkalýðshreyfingin er ekki tilbúin til þess að færa þessi réttindi yfir til ríkisins vegna slæmrar reynslu að vörslu slíkra réttinda þar.

Það er ánægjulegt að vita til þess, að strax á þessu fyrsta starfsári Starfsendurhæfingarsjóðs hefur komið í ljós mikilvægi þessa starfs. Við sjáum strax fjölmörg dæmi um góðan árangur þar sem einstaklingar hafa, með aðstoð ráðgjafa og sérfræðinga, aukið vinnugetu sína umtalsvert og náð að verða þátttakendur aftur á vinnumarkaði eftir að hafa glímt lengi við heilsufarsleg vandamál og erfiðar aðstæður. Við sjáum einnig dæmi þess að aðstoð ráðgjafa hafi komið í veg fyrir að einstaklingar missi vinnusamband sitt vegna heilsubreysts og að þeir hafi farið mun fyrr í vinnu aftur en ella hefði orðið vegna þess að viðeigandi ráðgjöf og stuðningur stóð þeim til boða.

Af þessu leiðir að það er mikilvægt að þeir aðilar sem að sjóðnum standa og gerðu upphaflega um hann þríhliða samning veiti honum það brautargengi og þann tíma sem þarf til að byggja upp starfsemina og ná þeim árangri sem að var stefnt. Engin launung er á því að nokkur togstreita var milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um efndir þeirra fyrirheita sem gefin voru við gerð kjarasamninga í febrúar 2008 og endurtekin voru í stöðugleikasáttmálanum sumarið 2009, þar sem kveðið var á um lögfestingu á greiðsluskyldu atvinnurekenda og lífeyrissjóða og hlutdeild sjóðsins í tryggingagjaldstofni af hálfu ríkisins frá og með 1. júlí 2013. Ég treysti því að við þau verði staðið og að lagafrumvörp þar að lútandi verði staðfest á Alþingi, en við munum vissulega fylgja því fast eftir.

Ágætu fundarmenn að lokum við ég þakka samstarfsfólki í stjórn og framkvæmdastjórn ánægjulegt og árangursríkst samstarf á liðnu ári. Einnig vil ég þakka starfsmönnum okkar og framkvæmdastóra óeigingjarnt starf þeirra við að byggja upp starfsemi sjóðsins og síðast en ekki síst öllum þeim ráðgjöfum sem komnir eru til starfa og mynda framvarðasveit okkar í þjónustu við þá félaga okkar sem þurft hafa á þjónustu okkar að halda. Ummæli þeirra um gæði ykkar vinnu bera vott um að við erum á réttri leið, það er okkar herna að varða hana og verja og það munum við svo sannarlega gera.

Ég þakka ykkur gott hljóð.